



Björn Snæbjörnsson formaður LEB



Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður LEB

125 stjórnarfundur spítalans okkar 7. október 2025

Fundarstaður Gróska með formönnum Landsamtaka eldri borgara (LEB) og Félags eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu (FEB)

Fundarmenn: Þorkell Sigurlausson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sigurður Ágúst Sigurðason formaður félags eldri borgara í Reykjavík.

Á teams voru Guðlaug Ottesen og Björn Snæbjörnsson formaður landsamtaka eldri borgara.

Dagskrá fundarins var að ræða það sem brýnast geti verið í samstarfi Spítalans okkar og félaga eldri borgara

Björn byrjar á að segja frá því sem landsamtök eldri borgara eru að fást við. Helstu málin þeirra eru kjaramál og húsnæðismál. Eru að hvetja til frekari uppbyggingu hjúkrunarheimila, skortur á þeim eru hluti af vandamálinu að sjúklingar lokast inni á spítalanum

Hafa farið á fundi um land allt. Hafa hitt 11 af 59 félögum. Fara á staðinn, nota teams, hafa formanna fundi 1 x í mánuði sem allir eru á teams.

Þorkell segir frá að Spítalinn okkar er að safna félagamönnum, aðal tekjulind samtakanna eru félagsgjöld. Væri gott ef LEB gætu kynnt Spítalann okkar og sagt frá samtökunum. Bæði til að kynna þau og til að laða að fleiri félagsmenn. Segir frá að við erum að byggja upp heimasíðuna okkar. Spítalinn okkar eru landssamtök, eru ekki bara að horfa á Reykjavík og Landspítalann heldur einnig líka á Akureyri sem er varaspítali.

Björn býður Þorkeli að koma inn á formannafundinn í nóvember og kynna Spítalann okkar, halda stutta kynningu 15-20 mín.

Sigurður Ágúst tekur við. Hann er formaður félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, í þeim samtökum 16 þús. félagar.

Eru tilbúin að auglýsa starfsemi Spítalans okkar inni á sinni heimasíðu sem er vel lesin. Eru jákvæð, Spítalinn okkar snertir aldraða, mikilvægt að heilbrigðiskerfið styðji við heilsu eldri borgara

Eru að leggja áherslu á líkamsrækt og hreyfingu. Finnst starfsemi Spítalans okkar falla vel undir þeirra sjónarmið. Landspítalinn þarf að geta þjónað eldri borgurum. Fyrirséð að eldri borgurum muni fjölga mikið til 2050.

Samhljómur á milli þessa tveggja félaga.

Björn: Gott væri að kynna fyrst fyrir formönnum og setja svo kynningu inn á heimasíðuna hjá FEB.

Hjúkrunarheimilismálin eru aðalatriðið til að losa fólk út af spítalanum svo hann geti sinnt sínu hlutverki.

Rætt um næstu skref í samstarfi allra þessa félaga.

- Fyrst mun Björn bjóða Þorkeli inn á stjórnarfundum sem eru mánaðarlega.
- Mikilvægt að kynna fyrst fyrir landsambandinu og kynni svo fyrir Reykjavíkurfélaginu.
- Í Framhaldinu setja kynningu inn á heimasíðuna og svo til allra félagsmanna FEB í Reykjavík sem eru 16 þúsund.

Rætt um ráðstefnur og málþing:

- Árlega hefur Spítalinn okkar verið með málþing, ráðstefnur og kynningar. Síðast var rætt hvernig er að taka nýjan spítala í notkun. Mikilvægt að streyma svona málþingum svo landsbyggðin geti hlustað. Björn segir að þau hafi notað EXON fyrirtækið til að streyma.
- Sigurður er að skipuleggja ráðstefnu um ofbeldi gagnvart öldruðum. Það verður haldið þann 16. Október í Stórhöfða 31. Þar verða 11 fyrirlesarar, lögreglan, neyðarlinan, landlæknir, yfirlæknir slysadeildar og kvennaathvarfið. Veitingar í boði og pallborð í lok ráðstefnu. Bogi Ágústsson verður fundarstjóri. Þessum verður streymt. Ofbeldi gegn eldri borgurum er oft dulið vandamál. Með þessu eru þau að vekja athygli á málefninu og kalla eftir umboðsmanni aldraðar.

Umræður um hvernig félög fjármagni sig:

- Landsamtök eldri borgara eru með félagsgjöld, fá styrki frá félagsmálaráðuneyti. Bjartur lífstíll, og eru á fjárlögum. Gæti ekki rekið sig á félagsfjöldun.
- FEB gefa út blað einu sinni á ári og afsláttarþótt, það kostar. Félagar eru að krefja sitt félag um meiri þjónustu, félagið í Reykjavík eru með nokkra starfsmenn, mikið sótt í félögin.
- Reykjavíkurfélagið fær engan styrk, fá ekkert frá Reykjavíkurborg til að reka sína félagsmiðstöð. En ná að standa undir sínum rekstri. Eru með námskeið og fyrirlestra sem selt er inn á, afsláttur fyrir þá sem eru í félaginu. Selja inn ýmsa viðburði

Fundi slitið kl 18.